



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráðs

**Sendandi:** Helgi Grímsson sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Mötuneyti Dalskóla haustið 2019*

Á fundi skóla- og frístundaráðs 11. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði harma það að ekki hafi tekist að klára Dalskóla. Starfsfólk og börn þurfa því áfram að vera í vinnuaðstöðu sem fylgir mikið rask. Það er því mikilvægt að takmarka öll óþægindi bæði fyrir börn og starfsfólk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska því eftir að börn og starfsfólk fái góðan og næringarríkan mat sem uppfyllir viðmið Landlæknisembættisins og lög um grunnskóla kveða á um, á meðan á þessum framkvæmdum stendur. Það er mjög mikilvægt að tryggja það að svo verði þó svo að það sé kostnaðarsamt vegna framkvæmda. Börn og starfsfólk í Dalskóla hafa sýnt mikla þolinmæði og þrautseigju á þessum framkvæmdatíma. Skóla- og frístundaráð verður því að tryggja að heitar máltíðir geti verið afgreiddar í skólanum fram að áramótum eða þangað til mötuneyti skólans verði fullklárað og hægt er að fara að elda á staðnum.*

Mötuneyti og matsalur Dalskóla verður tekið í notkun um áramót 2019/2020. Til bráðabirgða er verið að koma tveimur lausum stofum sem verið hafa við Dalskóla fyrir annars staðar á lóðinni og verða þær nýttar sem skólamötuneyti í haust. Önnur þessara stofa hýsti áður mötuneyti nemenda og hin var vinnuaðstaða kennara en þær hafa verið tengdar saman til að stækka enn frekar mötuneytisaðstöðu nemenda. Matur mun verða framleiddur í eldhúsi leikskólans, fluttur yfir í stofurnar og afgreiddur þar ásamt því sem uppþvottaðstaða er til staðar í stofunum. Nemendur Dalskóla munu því fá heitan mat og meðfylgjandi þjónustu í skólamötuneyti eins og áður.